

AUGLÝSING

um deiliskipulag Norðfjarðarvegar og nágrennis að gangamunna á Eskifirði, Fjarðabyggð.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 20. júní 2013 deiliskipulag Norðfjarðarvegar og nágrennis að gangamunna á Eskifirði.

Deiliskipulag Norðfjarðarvegar og nágrennis að gangamunna á Eskifirði tekur á nýrri legu Norðfjarðarvegar, Eskifjarðarmegin að gangamunna Norðfjarðarganga, stígum, undirgöngum, áningastöðum, nýrri vegtengingu við golfvöll, golfvelli, efnislosunarsvæðum vegna jarðgangaframkvæmda o.fl. Skipulagssvæðið er 119 ha að stærð.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, 10. júlí 2013,

Gunnar Jónsson, staðgengill bæjarstjóra.